

Mats- og umbótaáætlun Barnaskóla Hjallastefnunnar í Hafnarfirði 2020–2021

Framkvæmd matsins: Helstu markmið, verkefni, kannanir, ábyrgðaraðilar og tímarammi

Markmið	Verkefni og leiðir	Mánuður	Ábyrgð
Samræmd próf Viðhalda einkunnum yfir 30 í normaldreifingu	Niðurstöður í stærðfræði teknar saman og árangur metinn. Starfsdagur notaður í að mennta kennara í fjölbreyttum leiðum til stærðfræðikennslu.	September	Skólastýrur/ deildarstjóri
Samstarf við aðra skóla Viðhalda samvinnu við aðra skóla. Samvinnan við Hjalla sé árangursrík og markviss.	Skráning og eftirfylgni framkvæmd samkvæmt áætlun sem liggur fyrir. Reglulegar heimsóknir á milli skóla í samstarfi við skólastýru Hjalla og starfsfólk.	Ágúst og mars	Stjórnendur og kjarnastjórar
Eftirfylgni með námi og kennslu af hendi stjórnenda Gátlisti Menntamálastofnunar verður hafður til hliðsjónar. Stjórnendur veita kennurum uppbyggilega endurgjöf á störfum sínum.	Stjórnendur fylgi eftir gátlistum, uppfæri þá, fylgist með kennslu og veiti kennurum skriflega endurgjöf.	Nóvember og janúar	Stjórnendur
Skólapúlsinn Kynntur ítarlega fyrir skólaráði. Ákvörðun um markmið og áherslur tekin og sett í framkvæmd.	Foreldrasamfélagið/helstu hagsmunaaðilar fundi og fái upplýsingar. Tryggt að helstu hagsmunaaðilar hafi tækifæri til að hafa áhrif.	Janúar	Stjórnendur
Lestraráherslur Viðhalda þeim árangri sem náðst hefur. Niðurstöður kynntar skólaráði. Markmið: 90% nemenda ná lágmarks viðmiðum MMS að vori. Halda kynjajafnvægi í niðurstöðum.	Niðurstöður ígrundaðar með umsjónarkennara/stoðþjónustu eftir hverja fyrirlögn og brugðist við samkvæmt lestrarstefnu skólans. Forsjárfólk upplýst þar sem það á við. Kynjajafnvægi sé milli hlutfalls barna sem ná lágmarksviðmiði (5% skekkjumörk vegna smæðar skólans, 5% nemenda eru um 3-5 börn á grunnskólaaldri).	Mai	Skólastýrur/ deildarstjóri
Líðan barna Setja skólanum markmið um ásættanlega niðurstöðu Líðan nemenda metin út frá rafrænni mælingu Skólpúlsins (foreldrakönnun). Niðurstöður kynntar skólaráði.	Niðurstöður teknar saman úr skólapúlsinum, líðan barna sérstaklega skoðuð, frekari markmið ígrunduð og fundað með hagsmunaaðilum.	Janúar	Stjórnendur
Mentor Námsmati í stærðfræði, íslensku og verkgreinum fari fram í Mentor ásamt kynjanámskrá/lykilhæfni. Foreldraviðtöl verði boðuð í gegnum Mentor. Vinna við námsmati í samfélags- og náttúrugreinum hefist. Í upphafi skólaárs verður Mentor kynnt á námskynningu skólans.	Kennarar fá kynningu á námsmati í mentor. Fundað með kennurum og hæfniviðmið í samfélags og náttúrfræðigreinum yfirfarin í hópum. Foreldrar og kennarar fá kynningu á hæfnikorti og framsetningu hæfniviðmiða í mentor.	Október	Skólastýrur/ deildarstjóri


Helstu niðurstöður og umbætur

Matsáætlunin tekur til skólaársins 2020 – 2021. Helstu matstæki/verkfæri sem stuðst er við eru: Niðurstöður úr Skólapúlsinum, lesfimiþrófum, samræmdum prófum, námsmati og öðrum skráningum í Mentor, gátlistar, fundargerðir og ýmsar aðrar skráningar. Hér er að finna helstu niðurstöður innra matsins út frá markmiðum skólans og þá þætti sem teljast til styrkleika ásamt tækifærum til umbóta. Allar upplýsingar eru ópersónugreinanlegar.

Samræmd próf í stærðfræði

Markmiðið er að viðhalda normaldreifðum einkunnum yfir 30 (landsmeðaltal er 30). Í súluritinu má sjá niðurstöður normaldreifðra einkunna úr samræmdu prófi í stærðfræði í 4. bekk haustið 2020.

Samræmd könnunarpróf haust 2020



	Ísl.	Stærðfr.
Hafnarfjörður	28,58	28,99
Landið	30	30
Barnaskólinn	37,3	32,8

Staðan	Sterkar	Í jafnvægi	Veikar hliðar	Umbótaáætlun
Meðaltal normaldreifðra einkunna var yfir 30	Meðaltal normaldreifðra einkunna haustið 2020 var 32,8		Nýtt starfsfólk þarfnast frekari þjálfunar í fjölbreyttri ó-bókastýrðri stærðfræðikennslu	Viðhalda þeim árangri sem náðst hefur með fjölbreyttum kennsluaðferðum og fjölbreyttum efnivið Nýta starfsdag til þjálfunar í ó-bókastýrðri stærðfræðikennslu Stjórnendur stýra hópavinnu með það markmið að leiðarljósi að allir hópar setji upp kennslu án bóka

Samstarf við aðra skóla

Markmiðið er að samstarfið sé markvisst og það sé skráð. Skráning og eftirfylgni var unnin í samvinnu við Leikskólann Hjalla (2019) og markvisst hefur verið starfað eftir fyrirbyggjandi áætlun. Starfsfólk og fjölskyldur voru upplýst um aðlögun 5 ára barna og aðlögun yfir í 1. bekk. Einnig fóru upplýsingar í formi tölvupósta og kynningar voru fyrir foreldra/forsjárfólk þar sem samfellan og samstarf á milli skóla var útskýrt enn frekar. Samvinna við aðra skóla (nærsamfélagið) var markvisst skráð, starfsfólk upplýst og áætlun fylgt. Samstarf við aðra skóla og nærsamfélag eru að mestu við Leikskólann Hjalla, Hrafnistu, Skátafélagið Hraunbúa, Bókasafn Hafnarfjarðar og Víðistaðaskóla (aðallega skólaskil).

Staðan	Sterkar	Í jafnvægi	Veikar hliðar	Umbótaáætlun
<p>Kjarnastjórar (á 5 ára kjörnum) fylgdu áætlun og upplýstu starfsfólk og fjölskyldur</p> <p>Starfsfólk upplýst um samstarfið við Hrafnistu (skipulag á sundkennslu)</p> <p>Samstarf við Hjalla í tengslum við sumaropnun leikskóla</p> <p>Samvinna við Hraunbúa með besta móti, skipulag svæðis</p>	<p>Samstarf við Leikskólann Hjalla hefur ávallt verið gott - skráning og eftirfylgni var markviss</p>	<p>Samstarf við aðra grunnskóla/nærsamfélagið er „formfast“ heimsóknir tíðkast og annað skipulagt samstarf er skráð</p> <p>Samstarf við Hjalla þegar sumaropnun leikskóla var breytt í ár. Samstarfið snéri að samnýtingu starfsfólks til að tryggja öryggi og auka félagaval barna yfir hásumarið</p>	<p>Skapa svigrúm til fundarhalda um samvinnu við aðra skóla með starfsfólki á 5 ára kjörnum</p>	<p>Viðhalda skráningu og eftirfylgni samkvæmt fyrirbyggjandi áætlun við Leikskólann Hjalla</p> <p>Virkja nýtt starfsfólk til að viðhalda góðu samstarfi við nærsamfélagið</p> <p>Viðhalda upplýsingum inni á heimasíðu skólans</p> <p>Viðhalda góðri samvinnu við Skátafélagið Hraunbúa</p> <p>Viðhalda ítarlegum skilum á milli skóla í samvinnu við Víðistaðaskóla og aðra grunnskóla</p> <p>Viðhalda góðri samvinnu við Hrafnistu</p>

Endurgjöf stjórnenda

Markmiðið er að stjórnendur veiti kennurum uppbyggilega endurgjöf á störfum sínum með markvissum hætti. Skráning og endurgjöf í kjölfar áhorfs verði með markvissum hætti. Endurgjöf var formleg og skráð. Stuðst var við gátlista sem fangar hjallísk gildi og kennslufræðilega þætti. Hluti listans var notaður og endurgjöf fór fram í starfsfólksviðtölum.

Staðan	Sterkar	Í jafnvægi	Veikar hliðar	Umbótaáætlun
Stuðst við gátlista sem fanga hjallíska hugmyndafræði Skólastýrur framkvæmdu áhorf með listanna til hliðsjónar, skráðu hluta og höfðu sem grunn í starfsfólksviðtölum	Litlir hópar og stjórnendur í góðri tengingu við kennsluhætti sem fara fram inni á kjörnum	Áhorf markvisst með gátlistum og endurgjöf sem fór fram í viðtölum	Nota allan listann/ekki hluta	Virkja fleiri í að skrá áhorf og nýta listana til þess. Viðhalda þeirri þekkingu sem komin er og var nýtt í viðtölum Nota allan listann en ekki hluta Viðhalda fyrrum skráningum, bæta við og veita endurgjöf í starfsfólksviðtali

Skólapúlsinn og niðurstöður

Markmiðið er að kynna niðurstöður ítarlega fyrir skólaráði og taka ákvarðanir um áherslur og markmið til að stefna að. Ábyrgð á framkvæmdinni í kjölfar þeirra ákvarðana sem teknar voru liggur hjá stjórnendum. Helstu niðurstöður voru kynntar í tölvupósti og eru þær aðgengilegar inni á heimasvæði skólans. Skólaráð fundaði um niðurstöður úr skólapúlsinum. Hugmyndir um fleiri mælanlega þætti ræddar. Hvað viljum við standa fyrir sem skólasamfélag? Sjálfsmat barna kom helst til greina sem viðbót við þau markmið sem þegar hafa verið sett. Skoðað frekar að nýta sjálfsmatið sem tilheyrir Skólapúlsinum. Aðrar niðurstöður voru ræddar og ákveðnir þættir sem einkenna sérstöðu skólans skoðaðir með tilliti til hversu vel Skólapúlsinn mælir þá.

Haustið 2019 fundaði skólaráð/ hagsmunaaðilar og skoðuðu sérstaklega þá þætti sem þóttu/þykja skilgreina þá stefnu sem skólinn stendur fyrir. Niðurstaðan var sú að ástæða þótti til að skoða vel þá þætti sem mæla líðan barna. Í framhaldi yrðu enn frekari markmið sett.

Staðan	Sterkar	Í jafnvægi	Veikar hliðar	Umbótaáætlun
Skólaráð fundaði og ígrundaði vel niðurstöður Ákvarðanar um frekari markmið og áherslur voru ræddar og í framhaldi settu stjórnendur þær í framkvæmd	Skýrt hvaða áherslur skólinn stendur fyrir Líðan barna í forgrunni og allir hagsmunaaðilar sammála þar um Upplýsingar eru inni á heimasvæði skólans		Þörf á frekari upplýsingum til starfsfólks hvað felst í sjálfsmati barna í Skólapúlsinum Bjóða starfsfólki upp á vettvang/aðstæður til virkrar þátttöku í umræðum og ályktunum út frá niðurstöðum Skólapúlsins	Viðhalda fundum með skólaráði þar sem helstu hagsmunaaðilar sitja Ígrunda með starfsfólki aðgerðir til enn frekari umbóta og ræða áhrifin sem líðan barna hefur á nám – einhugur í starfsfólks hópnum á síðasta skólaári Ígrunda enn frekar með starfsfólki hvort við viljum setja okkur frekari markmið út frá niðurstöðum Skólapúlsins Funda með starfsfólki hvort sjálfsmat barna geti hafist á þessu skólaári


Lestur

Markmiðið er að 90% barna (stúlkur og drengir) nái lágmarks viðmiðum MMS að vori. Auk þess að það sé kynjajafnvægi í niðurstöðum en þó með skekkjumörk upp á 5% vegna smæðar skólans (5% nemenda eru um 3-5 börn á grunnskólaaldri) og áherslur og niðurstöður séu kynntar fyrir skólaráði.

Staðan	Sterkar	Í jafnvægi	Veikar hliðar	Umbótaáætlun
Fyrirlögn fór fram á tilsettum tíma og vormarkmiði náð	90% barna, stúlkur og drengir, náðu lágmarksviðmiði MMS að vori	Aðgerðaáætlun fylgt eftir af stjórnendum og starfsfólki samkvæmt lestarstefnu skólans	Uppfæra lestrarstefnu skólans sem er inni á heimasvæði skólans	Rýna enn frekar í niðurstöður hjá öllum börnum og skoða vel
Starfsfólk og fjölskyldur upplýst um niðurstöður í beinu framhaldi	Kynjajafnvægi á milli hlutfalls stúlkna og drengja (munur upp á 4,8% er innan 5% skekkjumarka)	Foreldrar/forsjáraðilar fá aðgang að hagnýtum upplýsingum við heimalesturinn inni á fés-bókar síðu skólans og í tölvupósti	Styrkja kennara í allri umræðu um læsi í skólanum og í samskiptum við fjölskyldur	Skerpa enn frekar á fjölbreyttum aðferðum í lestri ásamt því að viðhalda þeim árangri sem náðst hefur
Íhlutun og inngrip rædd þar sem við átti	Lestraráherslur kynntar fyrir skólaráði			Fara vel yfir íhlutun og fylgja eftir hjá börnum sem eru undir lágmarksviðmiði
Lestarstefna skólans í skoðun/uppfærsla í vinnslu				Kynna lestarstefnuna, viðmið eftir aldri og helstu íhlutanir fyrir kennurum
Kennarar óska eftir frekari upplýsingum um lesfímiviðmið og fræðslu í orðanotkun á lestrartengdum þáttum				Upplýsa forsjárfólk á námskynningum um lestarstefnu skólans, heimnám og mikilvægi samvinnunnar
Foreldrar/forsjáraðilar óska eftir hagnýtum upplýsingum / verkfærum fyrir heimalesturinn				

Líðan barna

Markmiðið er að vellíðan barna í skólanum mælist ávallt yfir landsmeðaltali. Miðað er við að undirþættir 2.2 til 2.5 í kaflanum *Velferð nemenda* í rafrænni mælingu Skólapúlsins (foreldrakönnun) séu allir yfir landsmeðaltali. Einnig að niðurstöður séu kynntar fyrir skólaráði. Skólapúlsinn var lagður fyrir, hagsmunaaðilar rýndu í alla kafla er varða líðan barna og þá sérstaklega í [kafla 2.2 – 2.5](#). Á súluritunum má sjá samanburð á árunum 2020 og 2021 í samanburði við landið, súlurnar sýna að stærstur hluti foreldra/forsjársfólks metur að barninu sínu líður annað hvort frekar vel eða mjög vel í skólanum.



Staðan	Sterkar	Í jafnvægi	Veikar hliðar	Umbótaáætlun
Fyrirlögn fór fram í byrjun febrúar	Líðan barna er yfir landsmeðaltali			Viðhalda því að niðurstöður séu kynntar fyrir skólaráði, að allir hafi rými til að tjá sýnar skoðanir og næstu markmið séu ígrunduð
Skólaráð fundaði og ígrunaði vel niðurstöður - vellíðan barna er yfir landsmeðaltali	Vellíðan barna í skólanum almennt og í kennslustundum (hópatímum) síðustu tvö skólaár er á bilinu 98,4% – 100%			Ígrunda frekar með starfsfólki þegar niðurstöður liggja fyrir, setja markmiðin skýrt fram og ganga úr skugga um að allt starfsfólk sé meðvitað um að bregðast við ef minnsti grunur er um vanlíðan barns
Umræða um mælanleg viðmið, hugmynd um að setja fram 95% ánægju samanlagt úr kaflanum, <i>Velferð nemenda</i> (2.2 – 2.5)				Skólaráð staðfesti á næsta fundi hvort markmið varðandi 95% árangur úr kaflanum, <i>Velferð nemenda</i> (2.2 – 2.5), sé raunhæft markmið

Mentor

Þróunarvinna á innleiðingu á námsmati í stærðfræði, íslensku og verkgreinum er komin vel á veg. Markmiðið er að matið fari fram í Mentor ásamt kynjanámskrár-/lykilhæfni viðmiðum. Foreldraviðtöl verði boðuð í gegnum Mentor. Vinna við námsmat í samfélags- og náttúrugreinum er hafin. Í upphafi skólaárs var farið yfir það helsta varðandi námsmat í Mentor á námskynningum skólans.

Staðan	Sterkar	Í jafnvægi	Veikar hliðar	Umbótaáætlun
Foreldraviðtöl voru boðuð í gegnum Mentor	Kynjanámskrá metin samhliða flestum greinum	Foreldraviðtöl og hluti námsmats skýr fyrir starfsfólki	Klára þarf að uppfæra námsmat í samfélags- og náttúrugreinum	Viðhalda á næsta skólaári að forsjárfólk fái frekari upplýsingar/kynningu um hvernig námsmatinu er háttað Mentor
Námsmat í stærðfræði og íslensku fór fram í Mentor	Eftir ábendingu frá foreldrafélagi fóru upplýsingar frá stjórnendum í tölvupósti og inn á heimasvæði skólans			Kennarar fái þjálfun í því að búa til lotur í Mentor – þá sérstaklega fyrir þemaverkefni/samfélagsgreinar
Námsmat í öðrum greinum fór að mestu fram í Mentor	Góð mæting á kynningu um virkni námsmats í Mentor			Gátlistar fyrir foreldrasamtöl samræmdir við Mentor
Rafræn kynning fyrir forsjárfólk fór fram um haustið samhliða námskynningum				